

Yfirlit yfir veiðar, eldi og innflutning árin 2007 til 2018

Spá um aukinn botnfisk- og uppsjávarafli 2018

Allt bendir til þess að afli íslenskra skipa aukist um 75.000 tonn í ár frá árinu áður, því það munu veiðast 120.000 tonnum meira af uppsjávarfiski. Hins vegar veldur verkfall sjómanna í upphafi árs verulegum samdrætti í afla botnfiska. Samdráttur verður einnig í veiðum á flatfiskum og skel- og krabbadýrum. Spá fyrir veiðar árið 2018 gerir ráð fyrir verulegri aukningu á milli ára, samkvæmt henni mun botnfiskafli aukast mikið og verður úr sá mesti í áratug og uppsjávarafli eykst líklega lítillega.

Vöxtur verður í fiskeldi í ár upp á 5.000 tonn og miðað við spá mun hann halda áfram á næsta ári, sérstaklega í laxi og einnig Íslandsbleikju.

Sjávarútvegurinn getur bætt við framboð hræfnis með innflutningi og verður það magn líklega um 100.000 tonn í ár og líka á næsta ári.

Hér verður farið yfir heildarframboð sjávarútvegsins fyrir 2016 eftir tegundaflokkum, áætl- að hvernig þetta ár verður og spá sett fram um hvers megi vænta á næsta ári.

Fiskveiðar aukast í ár

Það var mikill samdráttur í veiðum 2016, en afli fór úr 1.319.000 tonnum árið 2015 í 1.065.000 tonn 2016. Mun minna var veitt af loðnu og kolmunna en botnfiskveiðar jukust um 23.000 tonn.

Í fyrra voru veidd um 249.000 tonn af þorski í íslenskrri lögsögu, og er það aukning um 100.000 tonn frá 2008. Til viðbótar koma 17.000 tonn af þorski úr veiðum utan lögsögu landsins, að mestu úr Barentshafi. Samdráttur hefur verið í ýsu- og úfsaveiðum, og einnig í karfa. Í ár reikna ég með samdrætti í botnfiskveiðum upp á rúm 40.000 tonn og fara þær því

Heildarframboð sjávarfangs úr veiðum, eldi og innflutningi

– 2007 til 2016, áætlun 2017 og spá fyrir 2018

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017*	2018**
Uppsjávarfiskar	913.727	793.500	608.860	592.647	704.569	996.578	876.953	620.237	848.393	568.975	690.832	739.000
Botnfiskar	465.788	451.403	464.321	432.951	406.803	419.096	453.953	423.913	436.849	460.052	416.679	481.479
Flatfiskar	21.681	24.261	28.568	24.232	23.337	24.069	25.292	19.280	23.544	23.943	21.700	23.959
Skel-, krabba- og lindýr	9.318	13.484	9.391	12.992	14.068	14.498	14.500	10.627	9.918	12.231	11.612	12.020
Annar afli	126	124	176	146	179	179	88	140	266	129	70	59
Samtals veiðar	1.410.640	1.282.772	1.111.316	1.062.968	1.148.956	1.454.420	1.370.786	1.074.197	1.318.970	1.065.330	1.140.643	1.256.017
Fiskeldi	5.622	5.029	5.165	5.050	5.309	7.431	6.936	8.328	8.383	15.129	19.900	31.476
Innflutningur	104.890	130.547	43.873	80.800	82.975	62.125	67.015	90.533	148.606	94.024	99.800	99.800
Samtals framboð	1.521.152	1.418.347	1.160.354	1.148.818	1.237.240	1.523.976	1.444.737	1.173.057	1.475.958	1.174.483	1.260.343	1.387.293

Heimildir: Hafrannsóknasíðan, Hagstofan, Fiskistofa, Landssamband fiskeldisstöðva.

Forsendur: 2017, áætlun um byggð á 10 mánaða afli ársins, spá útgerðarmanna og spá LF. 2018, spá byggð á úthlutubum kvóta, eigin spá, spá nokkurra útvegsmanna og spá LF.

*Áætlun. **Spá. Allt magn er tilgreint í tonnum.



Kristján Hjaltason



Í Höru 16.-17. nóvember

undir 420.000 tonn, ef ekki rættist úr veiðum út árið. Þetta er mjög tilfinnanlegur samdráttur. Miðað við úthlutaðan kvóta á næsta ári áætla ég, að botnfiskveiðar verði rúm 480.000 tonn, sem er mikil aukning og gæti orðið enn meiri, ef veiðar ganga vel, því óveiddur kvóti sem fluttur var frá síðasta kvótaári verður vonandi veiddur á næsta ári.

Það er erfitt að spá fyrir um uppsjávarveiðar vegna óvissu um magn loðnu og um veiðar úr stofnum sem við deilum með öðrum löndum. Ég leitaði til nokkurra útgerðarmanna og fékk þeirra spá fyrir afla á þessu og næsta ári. Ef við notum meðalal þeirrar spár, þá verður upp-

sjávarafli í ár 691.000 tonn og 739.000 tonn á næsta ári (spár útgerðarmanna voru frá 550.000 tonnum til 825.000 tonna). Eftir 197.000 tonna loðnuafli í ár spá þeir 300.000 tonna afla á næsta ári.

Veiðar á flatfiski voru 24.000 tonn í fyrra, þær dragast saman um 2.000 tonn í ár en munu ná sér aftur á strik á næsta ári. Veiðar á skel- og krabbadýrum eru í miklu lágmarki, þær voru eingöngu 12.000 tonn í fyrra og dragast við úthlutaðan kvóta á næsta ári. Eftir 197.000 tonna loðnuafli í ár spá þeir 300.000 tonna afla á næsta ári.

Ófangreindar tölur sýna að afli í ár verður 1.141 þús. tonna og á næsta ári mun hann aukast um 1.257.000 tonn, sem myndi þýða mjög gott ár fyrir útgerðir og fiskvinnslu í landinu.

Fiskeldi eykst um þriðjung í ár
Mikil umræða hefur verið um vöxt í fiskeldi á landinu á liðnum

árum, og þá sérstaklega í laxeldi. Magn af laxi í fyrra var 8.400 tonn, sem er rúmlega tvöföldun frá 2015. Landssamband fiskeldisstöðva (LF) hefur lagt fram áætlun fyrir árið í ár og næsta ári og er reiknað með að 11.400 tonn af laxi verði slátrað í ár og 24.500 tonn á næsta ári. Eldi Íslandsbleikju hefur aukast jafnt og þétt frá ári til árs og í ár verður það 4.250 tonn í ár. Með nýjum fjárfestingum reiknar LF með um 6.000 tonnum á næsta ári. Í heild gera áætlunir ráð fyrir að eldi skili 19.900 tonnum í ár og 31.500 tonnum á næsta ári. Það munar miklu um þessa aukningu fyrir sjávarútveginn og allar greinar sem þjónusta hann.

Innflutningur á hræfni til fiskvinnslu

Á síðasta ári voru flutt inn 94.000 tonn af hræfni til landsins, annars vegar af ferskum fiski eða 22.000 tonn af loðnu, 48.000 tonn af kolmunna, 3.400 tonn af þorski og hins vegar 13.000 tonn af frystri skelrækju til pillunar. Tölur fyrir árið í ár liggja ekki fyrir svo erfitt er að segja til um hvernig árið verður. Í spá minni reikna ég með svipuðu magni og kom í fyrra.

Þjart fram undan

Verkfall sjómanna í byrjun ársins hefur sett strik í afla ársins en á næsta ári eru horfur í botnfiski mjög góðar og uppsjávarafli getur orðið góður, ef loðnuveiðar ganga vel. Aukning í fiskeldi heldur áfram og ef greinin styrkir innflutning, getur hann aukið verðmætið.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni í næstu viku verður fjallað um fjölmörg mikilvæg málafni sjávarútvegsins, rætt um nýjungar og úrbætur á mörgum sviðum og nægur tími verður þar að auki til að skiptast á skoðunum við starfsbræður í hinum ýmsum greinum. Þessi grein er innlegg í umræðuna sem biður okkar í næstu viku.

Höfundur er einn af stofnendum Sjávarútvegsráðstefnunnar og vinnur hjá Norebo Europe við sölu á frystum fiskum á meginlandi Evrópu.



„Það var mikill samdráttur í veiðum 2016, en afli fór úr 1.319.000 tonnum árið 2015 í 1.065.000 tonn 2016. Mun minna var veitt af loðnu og kolmunna en botnfiskveiðar jukust um 23.000 tonn.“